

Hallgrímskirkja

Fyrsti sunnudagur í aðventu – upphaf kirkjuárs

Sunnudagurinn 1. desember 2019 kl. 11.



Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari ásamt sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands, sem prédikar. Messuþjónar aðstoða. Lesarar eru fulltrúar frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson. Umsjón með barnastarfi hefur Kristný Rós Gústafsdóttir, verkefnastjóri- og djákni og Ragnheiður Bjarnadóttir. Upphaf jólasöfnunar Hjálparstarfs kirkjunnar og nýs starfsárs Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Inngöngusálmur

Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt.
Þú, Herrans kristni, fagna mátt,
því kóngur dýrðar kemur hér
og kýs að eiga dvöl hjá þér.

Hve sælt það land, hve sælt það hús,
er sælugjafinn líknarfús
sér trútt og hlýðið fundið fær,
þar friður, heill og blessun grær.

Hann býður líknar blessað ár,
hann býður dýpst að græða sár,
hann býður þyngstu' að borga sekt,
hann býður aumra' að skýla nekt.

Hve sælt það hjarta ávallt er,
sem ást til Krists með lotning ber
og honum í sér bústað býr,
Að bragði sorg öll þaðan flýr.

Sjá, mildi' er lögmál lausnarans,
sjá, líkn er veldissproti hans.
Því kom þú, lýður kristinn, nú
og kóngi dýrðar fagna þú.

Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt,
þig, hjarta, prýð sem best þú mátt,
og trúarlampann tendra þinn,
og til þín bjóð þú Jesú inn.
Helgi Hálfðánarson.

Ávarp og signing

Upphaf aðventu

Við kveikjum einu kerti á
Hans koma nálgast fer
sem fyrstu jól í jötu lá
og Jesúbarnið er.

Fyrsta adventuljósið tendrað

Sigurd Muri, Lilja S. Kristjánsdóttir.

Miskunnarbæn

Kór: Drottinn, miskunna þú oss. Söfnuður: Drottinn, miskunna þú oss.

Kór: Kristur, miskunna þú oss. Söfnuður: Kristur, miskunna þú oss.

Kór: Drottinn, miskunna þú oss. Söfnuður: Drottinn, miskunna þú oss.

Dýrðarsöngur

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum

Söfnuður: Og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum

Söfnuður ris úr sætum.

Lofsyngið Drottni, lýðir tignið hann.
Hefjið gleðihljóma, heiðrið skaparann.
Miskunn hans er mikil, máttarverkin stór.

Lofi, lofi Drottin loft og jörð og sjór.
Lofsyngi Drottni ljóssins bjarti her.
Óminn ber að ofan, undir tókum vér.
Valdemar V. Snævarr.

Söfnuður sest.

Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður. Söfnuður: Og með þínum anda.
Prestur: Látum oss biðja ... um aldir alda. Söfnuður: Amen.

Fyrri ritningarlestur Jes. 62.10-12

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.
Söfnuður: Guði sé þakkargjörð.

Síðari ritningarlestur Róm. 13.11-14

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.
Söfnuður: Dýrð sé þér, Drottinn.

Sálmur

Hefjum upp augu' og hjörtu með,
hjálpæðisstund vor er nærri.
Jesú vér fáum sjálfan séð,
sorg öll og kvíði' er þá fjarri.
Senn kemur eilíf sumartíð,
sólunni fegri', er ljómar blíð
Drottins í dýrðinni skærri.

Höfundur ókunnur, Grad. 1732, Valdimar Briem.

Guðspjall

Matt. 21.1-11

Söfnuður rís úr sætum.

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Matteus
Söfnuður: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.
Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.
Söfnuður: Lof sé þér, Kristur.

Trúarjátning

Söfnuður sest að trúarjátningu lokinni.

Sálmur

*Þú, brúður Kristi kær,
ó, kom, þín heill er nær.
Þig nálgast góður gestur,
þinn Guð og vinur bestur.
Hósanna, dýrð sé Drottni,
hans dýrðin aldrei þrotni.*

Börnin ganga til eigin samveru í upphafi sálmsins.

Í hjarta hógværd býr,
hann hóglega' að þér snýr
og gjafir helgar hefur,
er heitmey sinni' hann gefur.
Hósanna, dýrð sé Drottni,
hans dýrðin aldrei þrotni.

Frá inni út þér flýt
og elskhuga þinn lít.
Veit lávarð þínum lotning
með lofgjörð, Síons drottning.
Hósanna dýrð sé drottni,
hans dýrðin aldrei þrotni.

Dreif kvistum konungs leið,
þín klæði' á veginn breið,
í höndum haf þú pálma,
syng hátíðlega sálma.
Hósanna, dýrð sé Drottni,
hans dýrðin aldrei þrotni.

Hann líka láttu þá
þín lofa börnin smá.
Með helgum svári hljómi
öll hjörð Guðs einum rómi:
Hósanna, dýrð sé Drottin,
hans dýrðin aldrei þrotni.

Danskur höfundur ókunnur, Páll J. Vídalín - Stefán Thorarensen

Prédikun

Kórsöngur Hallelujah úr Messíasi, Georg Friedrich Händel

Undir kórsöngnum ganga söfnunarkörfur vegna jólasöfnunar Hjálparstarfs kirkjunnar.

Almenn kirkjubæn

Hver beiðni endar á orðunum: ... fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Bænasvar/kórsöngur: Drottinn, heyr vora bæn

Syndajátning og friðarkveðja

Prestur: Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.

Söfnuður: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega syndgað í hugsunum, orðpum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

Þögn til íhugunar.

Prestur: Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilífs lífs fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Söfnuður: Amen.

Prestur: Friður Drottins sé með yður.

Söfnuður: Og með þínum anda.

Sálmur

Hér leggur skip að landi,
sem langt af öllum ber,
en mest ber frá um farminn,
sem fluttur með því er.

Hann braust í gegnum brimið
við bjargarlausa strönd:
að seðja, líkna, lækna
og leysa dauðans bönd.

Þar kemur sæll af sævi
Guðs son með dýran auð:
Síns föður náð og frelsi,
hans frið og lífsins brauð.

Sinn auð hann fús vill færa
þeim fátæku á jörð,
og endurgjaldið eina
er ást og þakkargjörð.

Sigurbjörn Einarsson, með hliðsjón af þýskum texta.

Altarisganga

Söfnuður rís úr sætum.

Prestur: Drottinn sé með yður.

Söfnuður: Og með þínum anda.

Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Söfnuður: Vér hefjum þau til Drottins.

Prestur: Látum oss þakka Drottin Guði vorum.

Söfnuður: Það er maklegt og réttvíst.

Prestur: Sannlega er það og segjum án afláts:

Söfnuður: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú, Drottinn, Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum.

Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

Söfnuður sest.

Bæn, innsetningarorð og Faðir vor

Guðs lamb

Söfnuður: Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, gef oss þinn frið.
Amen

Kórsöngur undir útteilingu:

Slá þú hjartans hörpustrengi, *Johann Sebastian Bach*.

Nú kemur heimsins hjálparráð, *Róbert Abraham Ottósson/Sigurbjörn Einarsson*.

Bæn og blessun

Sálmur

Yfir voru ættarlandi,
aldafaðir, skildi halt.
Veit því heillir, ver það grandí,
virstu að leiða ráð þess allt.
Ástargeislum úthellt björtum
yfir lands vors hæð og dal.
Ljós þitt glæð í lýðsins hjörtum,
ljós, er aldrei slokkna skal.
Steingrímur Thorsteinsson

Eftirspil: Allegro moderato et serio, úr sönötu op. 65 nr. 1, *Felix Mendelssohn*

Á döfinni:

Eftir messu: Opnun myndlistasýningar eftir Guðrúnu A. Tryggvadóttur.

Í dag: Enskir jólasöngvar kl. 14.

Mánudagur 2. desember: Hádegisbæn kl. 12.15.

Þriðjudagur 3. desember: Fyrirbænir kl. 10.30.

Þriðjudagur 3. desember: Tónleikar með kórum Domus Vox kl. 20.

Miðvikudagur 4. desember: Árdegismessa kl. 8 – heimsókn frá Hafnarfjarðarkirkju.

Miðvikudagur 4. desember. Foreldramorgunn kl. 10.

Fimmtudagur 5. desember: Kyrrðarstund kl. 12.

Laugardagur 7. desember: Hádegistónleikar – orgel matinée kl. 13 – ATH: Breytt tímasetning.

Laugardagur 7. desember: Mótettukór Hallgrímskirkju flytur Messías eftir Händel kl. 18.

Sunnudagur 8. desember: Messa og barnastarf kl. 11.

Sunnudagur 8. desember: Mótettukór Hallgrímskirkju flytur Messías eftir Händel kl. 16.